**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2640** **2025/EES/28/31**

**frá 9. október 2024**

**um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,4-dímetýlnaftalín, díflúoróediksýru, flúópýram og flúpýradífúrón í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virku efnin 1,4-dímetýlnaftalín, díflúoróediksýru, flúópýram og flúpýradífúrón.

2) Að því er varðar 1,4-dímetýlnaftalín var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa í kartöflum. Að auki lagði umsækjandinn fram upplýsingar, sem lágu ekki fyrir á meðan á endurskoðun á hámarksgildum leifa fyrir þetta efni stóð sem var framkvæmd í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, um eiginleika leifa í unnum vörum að því er varðar kartöflur og um greiningaraðferðir fyrir afurðir úr dýraríkinu.

3) Viðkomandi aðildarríki lagði mat á þessa umsókn í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og sendi matsskýrsluna til framkvæmdastjórnarinnar. Í matsskýrslunni lagði aðildarríkið mat á álag á búfé gegnum fæðu, að teknu tilliti til inntöku búfjár á vörum sem eru framleiddar úr kartöflum, og lagði til að lækka sum gildandi hámarksgildi leifa fyrir 1,4-dímetýlnaftalín í afurðum úr spendýrum og að hækka hámarksgildi leifa fyrir þetta efni í alifuglavörum og fuglseggjum.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna. Hún rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu áliti um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Hún sendi rökstutt álit sitt til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

5) Að því er varðar áður ótiltækar upplýsingar sem umsækjandinn lagði fram um eiginleika leifa í unnum vörum að því er varðar kartöflur og um greiningaraðferðir fyrir afurðir úr dýraríkinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að brugðist hafi verið á fullnægjandi hátt við þessum eyðum í gögnum.

6) Því ætti að fella kröfuna um að leggja fram viðbótarupplýsingar er varða kartöflur og afurðir úr dýraríkinu brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2640, 10.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Modification of the existing maximum residue levels for 1,4-dimethylnaphthalene in potatoes“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(8), 1–37, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8190).

7) Að því er varðar breytingar á hámarksgildum leifa fyrir 1,4-dímetýlnaftalín í kartöflum, svínafitu, svín, annað, vörum úr nautgripum, vöðva úr sauðfé, fitu úr sauðfé, lifur úr sauðfé, ætum sláturmat úr sauðfé (annar en lifur og nýru), sauðfé, annað, vöðva úr geitum, fitu úr geitum, lifur úr geitum, ætum sláturmat úr geitum (annar en lifur og nýru), geitum, annað, vörum úr hestum, vörum úr alifuglum, mjólk og fuglseggjum, sem umsækjandinn óskaði eftir, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að slíkar breytingar væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum skapi hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

8) Í rökstuddu áliti sínu mælti Matvælaöryggisstofnunin ekki með sértækum hámarksgildum leifa fyrir flokkana „ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)“ í hinum ólíku flokkum dýraafurða.

9) Til að tryggja að þessi hámarksgildi leifa séu fastsett við raunhæf gildi þykir rétt að fastsetja þau við hæsta hámarksgildi leifa sem gildir um eina af afurðunum í sama vöruflokki.

10) Í rökstuddu áliti sínu mælti Matvælaöryggisstofnunin ekki með sértækum hámarksgildum leifa fyrir flokkinn „vörur úr öðrum öldum landdýrum“.

11) Þar eð þessi hámarksgildi leifa eru yfirleitt fastsett við sömu gildin og fyrir hóp jórturdýra með lægstu hámarksgildi leifa er viðeigandi að fastsetja þessi hámarksgildi leifa við sömu gildi og hámarksgildi leifa fyrir hópinn „vörur úr nautgripum“.

12) Að því er varðar flúópýram var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa fyrir flúópýram í risagraskersfræjum.

13) Að því er varðar þessa umsókn óskaði aðildarríki eftir því að nota flýtimeðferðina, sem kveðið er á um í tæknilegum viðmiðunarreglum um málsmeðferð við setningu hámarksgilda leifa ([3]), til að fastsetja hámarksgildi leifa á grundvelli prófana á leifum á repjufræjum.

14) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á prófanir á leifum á repjufræjum, innan ramma endurskoðunar á gildandi hámarksgildum leifa fyrir flúópýram, og skilaði rökstuddu áliti um tillagt hámarksgildi leifa ([4]). Þetta álit byggist á núverandi vísindalegri og tæknilegri þekkingu á viðfangsefninu. Þar eð rétt þykir að framreikna út frá prófunum á leifum á repjufræjum yfir á risagraskersfræ, í samræmi við tæknilegar viðmiðunarreglur um framreikning hámarksgilda leifa ([5]), er ekki nauðsynlegt að óska eftir því að Matvælaöryggisstofnunin leggi sérstaklega fram rökstutt álit um risagraskersfræ.

15) Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir flúópýram í risagraskersfræjum við 0,4 mg/kg á grundvelli prófana á leifum sem gerðar voru á repjufræjum.

16) Að því er varðar díflúoróediksýru og flúpýradífúrón voru lagðar fram tvær umsóknir skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir sítrusávexti, kirsuber (sæt), klungurber, önnur smá aldin og ber, blaðkál, kryddjurtir og æt blóm, sólblómafræ, bygg, maís, hirsi, hafra, rúg, hveiti, sykurrófurætur, kaffifífilsrætur og hunang. Í þessum umsóknum var einnig óskað eftir setningu innflutningsvikmarka fyrir þessi efni sem eru notuð í Ástralíu, Brasilíu og Bandaríkjunum á aðra sítrusávexti, goðahnetur, steinaldin, lárperur, mangó, papæjualdin, spergla, sesamfræ, sólblómafræ, bygg, maís, hirsi, hafra, rúg og hveiti skv. 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Umsækjendurnir lögðu fram gögn sem sýna að notkun díflúoróediksýru og flúpýradífúróns á þessar nytjaplöntur sem er leyfð í Ástralíu, Brasilíu og Bandaríkjunum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa sem fastsett voru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og að þörf sé á hærri hámarksgildum leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum þegar þessar nytjaplöntur eru fluttar inn.

---

([3]) „Technical guidelines MRL setting procedure in accordance with Articles 6 to 11 of Regulation (EC) No 396/2005 and Article 8 of Regulation (EC) No 1107/2009“ (SANTE/2015/10595 Endursk. 6.1).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2020. „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for fluopyram according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(4), 6059, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2020.6059).

([5]) „Technical guidelines on data requirements for setting maximum residue levels, comparability of residue trials and extrapolation of residue data on products from plant and animal origin“ (SANTE/2019/12752 – 1. endursk. – 10. maí 2023).

17) Viðkomandi aðildarríki lögðu mat á þessar umsóknir í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og sendu matsskýrslurnar til framkvæmdastjórnarinnar. Í matsskýrslunni lagði aðildarríkið mat á álag á búfé gegnum fæðu, að teknu tilliti til inntöku búfjár á vörum sem eru framleiddar úr þessum nytjaplöntum, og lagði til að hækka sum gildandi hámarksgildi leifa fyrir díflúoróediksýru og flúpýradífúrón í afurðum úr dýraríkinu.

18) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar. Hún rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([6]). Hún sendi rökstuddu álitin sín til umsækjendanna, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

19) Í rökstuddu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin sem umsækjendurnir lögðu fram að því er varðar flúpýradífúrón og díflúoróediksýru í greipaldinum og appelsínum væru ófullnægjandi til að fastsetja ný hámarksgildi leifa. Að því er varðar flúpýradífúrón í sítrónum, súraldinum, mandarínum, goðahnetum, aðalbláberjum, klungurberjum, lárperum, sperglum, byggi, maís, hveiti, sykurrófurótum og kaffifífilsrótum og að því er varðar díflúoróediksýru í greipaldinum, appelsínum, brómberjum, hindberjum, öðrum smáum aldinum og berjum, kryddjurtum og ætum blómum, byggi, hirsi, hveiti og hunangi komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki þurfi að breyta gildandi hámarksgildum leifa.

20) Að því er varðar díflúoróediksýru í plöntum í skiptiræktun komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda um hvort þurfi að fastsetja hámarksgildi leifa, ekki einungis með tilliti til beinnar meðhöndlunar á þessum nytjaplöntum heldur einnig með tilliti til leifa sem búist er við með upptöku um rætur. Þar eð rannsóknir sýna að við skiptiræktun sé ekki að öllu leyti unnt að koma í veg fyrir upptöku leifa af díflúoróediksýru úr jarðvegi frá fyrri nytjaplöntum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa sem endurspegla bæði beina meðhöndlun og slíka upptöku leifa úr jarðvegi. Þetta á við um kínakál, grænkál, annað blaðkál, sesamfræ, sólblómafræ, maís, hafra, rúg, sykurrófurætur og kaffifífilsrætur.

21) Að því er varðar flúpýradífúrón í grænkáli komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvort hægt væri að lækka gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við beiðni umsækjandans, byggt á nýjum prófunum á leifum sem lagðar voru fram. Þar eð nýju prófanirnar á leifum sem lagðar voru fram fyrir flúpýradífúrón í grænkáli byggjast á sömu góðu starfsvenjum í landbúnaði og gildandi hámarksgildi leifa þykir rétt að lækka hámarksgildi leifa úr 5 mg/kg í 4 mg/kg á grundvelli nýjustu og heildstæðustu gagna sem lögð voru fram.

22) Að því er varðar flúpýradífúrón í sólblómafræjum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvort fastsetja eigi nýtt hámarksgildi leifa við 0,8 mg/kg, eins og Matvælaöryggisstofnunin leiddi út á grundvelli mats á prófunum á leifum á sólblómafræjum sem Bandaríkin lögðu fram, eða við hámarksgildi leifa sem nemur 0,7 mg/kg og sem er í gildi í útflutningslandinu Bandaríkjunum.

23) Í samræmi við tæknilegu viðmiðunarreglurnar um málsmeðferð við setningu hámarksgilda leifa ætti hámarksgildi leifa, sem er fastsett innan ramma umsóknar um innflutningsvikmörk, ekki að fara yfir það sem er samþykkt í útflutningslandinu.

24) Þess vegna þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við gildið sem var fastsett í Bandaríkjunum (0,7 mg/kg).

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels and setting of import tolerances for flupyradifurone and DFA in various crops and animal commodities“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(7), 8081, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8081).
Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2023. „Modification of the existing maximum residue levels and setting import tolerances for flupyradifurone and difluoroacetic acid (DFA) in various crop“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(12), e8423, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8423).

25) Að því er varðar breytingar á hámarksgildum fyrir díflúoróediksýru í sítrónum, súraldinum, mandarínum, öðrum sítrusávöxtum, goðahnetum, steinaldinum, klungurberjum, lárperum, mangó, papæjualdinum, blaðkáli, sperglum, sesamfræjum, sólblómafræjum, maís, höfrum, rúgi, sykurrófurótum, kaffifífilsrótum, svínafitu, lifur úr svínum, fitu úr sauðfé, fitu úr geitum og alifuglafitu og fyrir flúpýradífúrón í sítrusávöxtum, öðrum, steinaldinum, klungurberjum, öðrum smáum aldinum og berjum (að undanskildum aðalbláberjum), mangó, papæjualdinum, blaðkáli, kryddjurtum og ætum blómum, sesamfræjum, sólblómafræjum, hirsi, höfrum, rúgi, vörum úr svínum (að undanskildum vöðva úr svínum) og hunangi, sem umsækjendurnir óskuðu eftir, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar á hámarksgildum leifa sem umsækjendurnir óskuðu eftir væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

26) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, uppfylla tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í þeirri reglugerð.

27) Vegna misritunar var hámarksgildi leifa fyrir díflúoróediksýru í „jurtate úr öðrum plöntuhlutum“ að auki fellt brott með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1842 [7]. Því er rétt að leiðrétta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 með því að taka aftur upp það hámarksgildi leifa sem hafði áður verið fastsett fyrir díflúoróediksýru í „jurtate úr öðrum plöntuhlutum“ við gildið 0,1 mg/kg.

28) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

29) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

30) Að því er varðar öll virk efni sem falla undir þessa reglugerð, til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða, ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem voru settar á markað í Sambandinu áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

31) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem leiða af þessum breytingum.

32) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru settar á markað í Sambandinu fyrir 30. apríl 2025.

(7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1842 frá 20. október 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón og díflúoróediksýru í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 76, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1842/oj).

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. apríl 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. október 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað dálkanna fyrir 1,4-dímetýlnaftalín, díflúóróediksýru, flúópýram og flúpýradífúrón í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

**„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | 1,4-dímetýlnaftalín (R) (F) | Díflúóróe-diksýra | Flúópýram (R) | Flúpýradífúrón |
|---|---|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | 0,05 (+) | | | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | (+) | | | |
| 0110010 | Greipaldin | (+) | 0,05 | 0,5 | 3 |
| 0110020 | Appelsínur | (+) | 0,05 | 0,5 | 3 |
| 0110030 | Sítrónur | (+) | **0,09** | 0,9 (+) | 1,5 |
| 0110040 | Súraldin | (+) | **0,09** | 0,01 (*) | 1,5 |
| 0110050 | Mandarínur | (+) | **0,09** | 0,9 (+) | 1,5 |
| 0110990 | Annað (2) | (+) | **0,09** | 0,01 (*) | **3** |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | (+) | | 0,03 | 0,02 |
| 0120010 | Möndlur | (+) | 0,04 | | |
| 0120020 | Parahnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120050 | Kókoshnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120060 | Heslihnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120070 | Goðahnetur | (+) | **0,3** | | |
| 0120080 | Pekanhnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | (+) | 0,04 | | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120110 | Valhnetur | (+) | 0,04 | | |
| 0120990 | Annað (2) | (+) | 0,04 | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | (+) | 0,2 | 0,8 | 0,6 |
| 0130010 | Epli | (+) | | | |
| 0130020 | Perur | (+) | | | |
| 0130030 | Kveði | (+) | | | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | (+) | | | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | (+) | | | |
| 0130990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0140000 | **Steinaldin** | (+) | | | |
| 0140010 | Apríkósur | (+) | **0,3** | 1,5 | **1** |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | (+) | **0,15** | 2 | **2** |
| 0140030 | Ferskjur | (+) | **0,3** | 1,5 | **1,5** |
| 0140040 | Plómur | (+) | **0,3** | 0,6 | **0,4** |
| 0140990 | Annað (2) | (+) | **0,3** | 0,01 (*) | **1,5** |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | (+) | | | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | (+) | 0,15 | | 3 |
| 0151010 | Vínber til neyslu | (+) | | 2 | |
| 0151020 | Vínþrúgur | (+) | | 1,5 | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | (+) | 0,3 | 2 | 0,4 |
| 0153000 | c) **Klungurber** | (+) | **0,07** | 5 | 6 |
| 0153010 | Brómber | (+) | | | |
| 0153020 | Daggarber | (+) | | | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | (+) | | | |
| 0153990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | (+) | | | |
| 0154010 | Aðalbláber | (+) | 0,05 | 7 | 4 |
| 0154020 | Trönuber | (+) | 0,02 (*) | 4 | **0,7** |
| 0154030 | Sólber og rifsber (rauð og hvít) | (+) | 0,02 (*) | 4 | **0,7** |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | (+) | 0,02 (*) | 4 | **0,7** |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0154050 | Rósaldin | (+) | 0,02 (*) | 3 | **0,7** |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | (+) | 0,02 (*) | 4 | **0,7** |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | **0,7** |
| 0154080 | Ylliber | (+) | 0,02 (*) | 4 | **0,7** |
| 0154990 | Annað (2) | (+) | 0,02 (*) | 3 | **0,7** |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | (+) | | | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | (+) | | 0,01 (*) | |
| 0161010 | Döðlur | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | (+) | 0,15 | | 5 |
| 0161040 | Gullappelsínur | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0161070 | Jövuplómur | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | (+) | | | |
| 0162020 | Litkaber | (+) | | | |
| 0162030 | Píslaraldin | (+) | | | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | (+) | | | |
| 0162050 | Stjörnuepli | (+) | | | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | (+) | | | |
| 0162990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | (+) | | | |
| 0163010 | Lárperur | (+) | **0,15** | 0,01 (*) | 0,6 |
| 0163020 | Bananar | (+) | 0,02 (*) | 0,8 (+) | 0,01 (*) |
| 0163030 | Mangó | (+) | **0,2** | 0,01 (*) | **0,7** |
| 0163040 | Papæjualdin | (+) | **0,2** | 0,01 (*) | **0,4** |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0163050 | Granatepli | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163060 | Morgunberkjur | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163070 | Gvövur | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163080 | Ananas | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163090 | Brauðaldin | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163100 | Dáraaldin | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163110 | Nónberkjur | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0163990 | Annað (2) | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | (+) | | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | | | | |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | **20** | 0,2 | 0,08 | 0,05 |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | 0,05 (+) | 0,2 | | 0,05 |
| 0212010 | Kassavarætur | (+) | | 0,06 (+) | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | (+) | | 0,15 (+) | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | (+) | | 0,15 (+) | |
| 0212040 | Örvarrætur | (+) | | 0,06 (+) | |
| 0212990 | Annað (2) | (+) | | 0,01 (*) | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | 0,05(+) | 0,4 | | 0,9 |
| 0213010 | Rauðrófur | (+) | | 0,2 (+) | |
| 0213020 | Gulrætur | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213040 | Piparrót | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213050 | Ætihnúðar | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213060 | Nípur | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213070 | Steinseljurætur | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213080 | Hreðkur | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213090 | Hafursrætur | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213100 | Gulrófur | (+) | | 0,4 (+) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0213110 | Næpur | (+) | | 0,4 (+) | |
| 0213990 | Annað (2) | (+) | | 0,4 | |
| 0220000 | **Laukar** | 0,05 (+) | 0,15 | | 0,01 (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | (+) | | 0,07 | |
| 0220020 | Laukar | (+) | | 0,07 | |
| 0220030 | Skalottlaukar | (+) | | 0,07 | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | (+) | | 3 (+) | |
| 0220990 | Annað (2) | (+) | | 0,07 | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | 0,05 (+) | | | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | (+) | | | |
| 0231010 | Tómatar | (+) | 0,4 | 0,5 (+) | 0,7 |
| 0231020 | Paprikur | (+) | 0,9 | 2 | 0,9 |
| 0231030 | Eggaldin | (+) | 0,9 | 0,4 | 1 |
| 0231040 | Okrur | (+) | 0,4 | 0,01 (*) | 0,9 |
| 0231990 | Annað (2) | (+) | 0,15 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | (+) | 0,7 | 0,6 | 0,6 |
| 0232010 | Gúrkur | (+) | | | |
| 0232020 | Smágúrkur | (+) | | | |
| 0232030 | Dvergbítar | (+) | | | |
| 0232990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | (+) | | | |
| 0233010 | Melónur | (+) | 0,3 | 0,9 (+) | 0,01 (*) |
| 0233020 | Risagrasker | (+) | 0,3 | 0,4 | 0,01 (*) |
| 0233030 | Vatnsmelónur | (+) | 0,15 | 0,4 (+) | 0,15 |
| 0233990 | Annað (2) | (+) | 0,15 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | (+) | 0,2 | 0,02 (+) | 0,05 |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | (+) | 0,15 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | 0,05 (+) | | | |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | (+) | 0,7 | | 0,6 |
| 0241010 | Spergilkál | (+) | | 0,5 (+) | |
| 0241020 | Blómkál | (+) | | 0,3 (+) | |
| 0241990 | Annað (2) | (+) | | 0,3 | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | (+) | | | |
| 0242010 | Rósakál | (+) | 0,4 | 0,4 (+) | 0,09 |
| 0242020 | Höfuðkál | (+) | 0,4 | 0,3 (+) | 0,3 |
| 0242990 | Annað (2) | (+) | 0,02 (*) | 0,3 | 0,01 (*) |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | (+) | **0,7** | | **4** |
| 0243010 | Kínakál | (+) | | 2 (+) | |
| 0243020 | Grænkál | (+) | | 0,15 (+) | |
| 0243990 | Annað (2) | (+) | | 2 | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | (+) | 0,4 | 0,15 (+) | 0,09 |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | 0,05 (+) | | | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | (+) | | | |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | (+) | 0,3 | 20 | 6 |
| 0251020 | Salat | (+) | 0,2 | 15 | 6 |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | (+) | 0,08 | 2 (+) | 0,07 |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | (+) | 0,3 | 20 | 6 |
| 0251050 | Vetrarkarsi | (+) | 0,3 | 2 (+) | 6 |
| 0251060 | Klettasalat | (+) | 0,3 | 20 | 6 |
| 0251070 | Sinnepskál | (+) | 0,3 | 2 (+) | 6 |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | (+) | 0,3 | 20 | 6 |
| 0251990 | Annað (2) | (+) | 0,3 | 0,01 (*) | 6 |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | (+) | 0,3 | | 6 |
| 0252010 | Spínat | (+) | | 2 (+) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0252020 | Súpugull | (+) | | 20 | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | (+) | | 2 (+) | |
| 0252990 | Annað (2) | (+) | | 0,01 (*) | |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | (+) | 0,04 | 0,01 (*) | 0,03 (+) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | (+) | 0,08 | 0,15 (+) | 0,07 |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | (+) | 0,08 | 0,3 | 0,07 |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | (+) | 0,3 | | **40** |
| 0256010 | Kerfill | (+) | | 6 | |
| 0256020 | Graslaukur | (+) | | 6 | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | (+) | | 6 | |
| 0256040 | Steinselja | (+) | | 6 | |
| 0256050 | Salvía | (+) | | 6 | |
| 0256060 | Rósmarín | (+) | | 6 | |
| 0256070 | Garðablóðberg | (+) | | 6 | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | (+) | | 60 | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | (+) | | 6 | |
| 0256100 | Fáfnisgras | (+) | | 6 | |
| 0256990 | Annað (2) | (+) | | 0,01 (*) | |
| 0260000 | **Belgávextir** | 0,05 (+) | | | |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | (+) | 0,9 | 3 | 0,5 |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | (+) | 1 | 0,15 | 0,4 |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | (+) | 0,9 | 3 | 0,5 |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | (+) | 1 | 0,15 | 0,4 |
| 0260050 | Linsubaunir | (+) | 1 | 0,15 | 0,4 |
| 0260990 | Annað (2) | (+) | 0,4 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | 0,05 (+) | | | 0,01 (*) |
| 0270010 | Sperglar | (+) | **0,5** | 0,01 (*) | |
| 0270020 | Salatþistlar | (+) | 0,2 | 0,01 (*) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0270030 | Sellerí | (+) | 0,2 | 20 | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | (+) | 0,2 | 0,01 (*) | |
| 0270050 | Ætiþistlar | (+) | 0,2 | 4 (+) | |
| 0270060 | Blaðlaukar | (+) | 0,2 | 0,8 (+) | |
| 0270070 | Rabarbarar | (+) | 0,2 | 0,01 (*) | |
| 0270080 | Bambussprotar | (+) | 0,2 | 0,01 (*) | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | (+) | 0,2 | 0,01 (*) | |
| 0270990 | Annað (2) | (+) | 0,2 | 0,01 (*) | |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,05 (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | (+) | | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | (+) | | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | (+) | | | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,05 (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | 0,05 (+) | 3 | 0,5 | 3 |
| 0300010 | Baunir | (+) | | | |
| 0300020 | Linsubaunir | (+) | | | |
| 0300030 | Ertur | (+) | | | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | (+) | | | |
| 0300990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | 0,05 (+) | | | |
| 0401000 | **Olíufræ** | (+) | | | |
| 0401010 | Hörfræ | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401020 | Jarðhnetur | (+) | 0,06 | 0,02 | 0,04 |
| 0401030 | Valmúafræ | (+) | 0,05 | 0,4 | 0,01 (*) |
| 0401040 | Sesamfræ | (+) | **0,9** | 0,01 (*) | **3** |
| 0401050 | Sólblómafræ | (+) | **0,15** | 0,7 | **0,7** |
| 0401060 | Repjufræ | (+) | 0,3 | 1 | 0,3 |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0401070 | Sojabaunir | (+) | 0,7 | 0,2 | 1,5 |
| 0401080 | Mustarðsfræ | (+) | 0,3 | 0,4 | 0,3 |
| 0401090 | Baðmullarfræ | (+) | 0,08 | 0,8 | 0,8 |
| 0401100 | Risagraskersfræ | (+) | 0,05 | **0,4** | 0,01 (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401140 | Hampfræ | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401150 | Kristpálmafræ | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401990 | Annað (2) | (+) | 0,05 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | (+) | | 0,01 (*) | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | (+) | 0,15 | | 5 |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0402990 | Annað (2) | (+) | 0,02 (*) | | 0,01 (*) |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | 0,05 (+) | | | |
| 0500010 | Bygg | (+) | 0,8 | 0,2 | 3 |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | (+) | 0,3 | 0,02 (+) | 0,01 (*) |
| 0500030 | Maís | (+) | **0,15** | 0,02 (+) | 0,02 |
| 0500040 | Hirsi | (+) | 0,3 | 0,02 (+) | **0,02** |
| 0500050 | Hafrar | (+) | **0,8** | 0,2 | **3** |
| 0500060 | Hrísgrjón | (+) | 0,3 | 0,02 | 0,01 (*) |
| 0500070 | Rúgur | (+) | **1,5** | 0,07 | **1** |
| 0500080 | Dúrra | (+) | 0,3 | 4 | 3 |
| 0500090 | Hveiti | (+) | 1,5 | 0,9 | 1 |
| 0500990 | Annað (2) | (+) | 0,3 | 0,01 (*) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | 0,05 (+) | | | |
| 0610000 | **Te** | (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | (+) | 0,2 | 0,05 (*) | 1 |
| 0630000 | **Jurtate úr** | (+) | **0,1** (*) | | 0,05 (*) |
| 0631000 | a) **Blómum** | (+) | | 40 | |
| 0631010 | Gæsajurt | (+) | | | |
| 0631020 | Læknakólfur | (+) | | | |
| 0631030 | Rósir | (+) | | | |
| 0631040 | Jasmína | (+) | | | |
| 0631050 | Lindiblóm | (+) | | | |
| 0631990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | (+) | | 40 | |
| 0632010 | Jarðarber | (+) | | | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | (+) | | | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | (+) | | | |
| 0632990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0633000 | c) **Rótum** | (+) | | 1 | |
| 0633010 | Garðabrúða | (+) | | (+) | |
| 0633020 | Ginseng | (+) | | (+) | |
| 0633990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,05 (+) | 0,3 | 60 | 10 |
| 0800000 | **KRYDD** | (+) | | | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,05 (+) | 0,1 (*) | | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | (+) | | 0,05 (*) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0810020 | Ilmfrú | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810030 | Sellerí | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810040 | Kóríander | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810050 | Kúmín | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810060 | Dill | (+) | | 70 | |
| 0810070 | Fennikur | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810080 | Grikkjasmári | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810090 | Múskat | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0810990 | Annað (2) | (+) | | 0,05 (*) | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | (+) | | | |
| 0820020 | Kínapipar | (+) | | | |
| 0820030 | Kúmen | (+) | | | |
| 0820040 | Kardimommur | (+) | | | |
| 0820050 | Einiber | (+) | | | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | (+) | | | |
| 0820070 | Vanilla | (+) | | | |
| 0820080 | Tamarind | (+) | | | |
| 0820990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | (+) | | | |
| 0830990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | (+) | | | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 1 (+) | 0,05 (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | (+) | | | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 1 (+) | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | (+) | | | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 1 | 0,05 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | (+) | | | |
| 0850020 | Kapers | (+) | | | |
| 0850990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05(+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | (+) | | | |
| 0860990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (+) | 0,1 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | (+) | | | |
| 0870990 | Annað (2) | (+) | | | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,05 (+) | | | 0,01 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | (+) | **0,09** | 0,1 (+) | |
| 0900020 | Sykurreyr | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | (+) | **0,09** | 0,1 (+) | |
| 0900990 | Annað (2) | (+) | 0,02 (*) | 0,01 (*) | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | | | | |
| 1010000 | **Vörur úr** | | | | |
| 1011000 | a) **Svínum** | | | | |
| 1011010 | Vöðvi | 0,03 | 0,15 | 0,1 | 0,03 |
| 1011020 | Fita | **0,3** | **0,2** | 0,09 | **0,02** |
| 1011030 | Lifur | 1,5 | **0,1** | 0,5 | **0,1** |
| 1011040 | Nýru | 1,5 | 0,2 | 0,08 | **0,15** |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 | 0,2 | 0,5 | **0,15** |
| 1011990 | Annað (2) | 1,5 | 0,2 | 0,02 (*) | **0,15** |
| 1012000 | b) **Nautgripum** | | | | |
| 1012010 | Vöðvi | **0,03** | 0,4 | 0,15 | 0,3 |
| 1012020 | Fita | **0,5** | 0,5 | 0,15 | 0,2 |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 1012030 | Lifur | **2** | 0,4 | 0,8 | 1 |
| 1012040 | Nýru | **2** | 0,5 | 0,15 | 1 |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **2** | 0,5 | 0,8 | 1 |
| 1012990 | Annað (2) | **2** | 0,5 | 0,02 (*) | 1 |
| 1013000 | c) **Sauðfé** | | | | |
| 1013010 | Vöðvi | **0,03** | 0,2 | 0,15 | 0,3 |
| 1013020 | Fita | **0,6** | **0,3** | 0,15 | 0,2 |
| 1013030 | Lifur | **3** | 0,15 | 0,8 | 1 |
| 1013040 | Nýru | 3 | 0,3 | 0,15 | 1 |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **3** | 0,3 | 0,8 | 1 |
| 1013990 | Annað (2) | **3** | 0,3 | 0,02 (*) | 1 |
| 1014000 | d) **Geitum** | | | | |
| 1014010 | Vöðvi | **0,03** | 0,2 | 0,15 | 0,3 |
| 1014020 | Fita | **0,6** | **0,3** | 0,15 | 0,2 |
| 1014030 | Lifur | **3** | 0,15 | 0,8 | 1 |
| 1014040 | Nýru | 3 | 0,3 | 0,15 | 1 |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **3** | 0,3 | 0,8 | 1 |
| 1014990 | Annað (2) | **3** | 0,3 | 0,02 (*) | 1 |
| 1015000 | e) **Hestum** | | | | |
| 1015010 | Vöðvi | **0,03** | 0,4 | 0,15 | 0,3 |
| 1015020 | Fita | **0,5** | 0,5 | 0,15 | 0,2 |
| 1015030 | Lifur | **2** | 0,4 | 0,8 | 1 |
| 1015040 | Nýru | **2** | 0,5 | 0,15 | 1 |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **2** | 0,5 | 0,8 | 1 |
| 1015990 | Annað (2) | **2** | 0,5 | 0,02 (*) | 1 |
| 1016000 | f) **Alifuglum** | | | | 0,01 (*) |
| 1016010 | Vöðvi | **0,3** | 0,15 | 0,07 | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 1016020 | Fita | **1,5** | **0,04** | 0,07 | |
| 1016030 | Lifur | **1,5** | 0,3 | 0,3 | |
| 1016040 | Nýru | **1,5** | 0,02 (*) | 0,02 (*) | |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **1,5** | 0,02 (*) | 0,3 | |
| 1016990 | Annað (2) | **1,5** | 0,02 (*) | 0,02 (*) | |
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | | | | |
| 1017010 | Vöðvi | **0,03** | 0,4 | 0,15 | 0,3 |
| 1017020 | Fita | **0,5** | 0,5 | 0,15 | 0,2 |
| 1017030 | Lifur | **2** | 0,4 | 0,8 | 1 |
| 1017040 | Nýru | **2** | 0,5 | 0,15 | 1 |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | **2** | 0,5 | 0,8 | 1 |
| 1017990 | Annað (2) | **2** | 0,5 | 0,02 (*) | 1 |
| 1020000 | **Mjólk** | **0,3** | | | |
| 1020010 | Nautgripir | | 0,07 | 0,07 | 0,15 |
| 1020020 | Sauðfé | | 0,03 | 0,06 | 0,15 |
| 1020030 | Geitur | | 0,03 | 0,06 | 0,15 |
| 1020040 | Hestar | | 0,03 | 0,07 | 0,01 (*) |
| 1020990 | Annað (2) | | 0,03 | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 1030000 | **Fuglsegg** | **0,4** | 0,1 | 0,15 | 0,01 (*) |
| 1030010 | Hænsni | | | | |
| 1030020 | Endur | | | | |
| 1030030 | Gæsir | | | | |
| 1030040 | Kornhænur | | | | |
| 1030990 | Annað (2) | | | | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | **2** |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,2 | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,2 | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) |
|---|---|---|---|---|---|
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,2 | 0,02 (*) | 0,02 (*) | 0,01 (*) |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | | | | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | | | | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | | | | |

(*) Neðri greiningarmörk.
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(+) Samsetningar varnarefnis og afurðar sem neðanmálsgrein er til um. Skráin yfir neðanmálsgreinar kemur fram hér á eftir.

**1,4-dímetýlnaftalín (R) (F)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: 1,4-dímetýlnaftalín – kóði 1000000 að undanskildum 1040000: Summa 1,4-dímetýlnaftalíns og umbrotsefnis þess M23, óbundið og tilsvarandi afleiða, gefin upp sem 1,4-dímetýlnaftalín
(F) Fituleysanlegt

Vísbending er um að 1,4-dímetýlnaftalín geti komið fyrir frá náttúrunnar hendi í sumum plöntuefnasamböndum. Á grundvelli vöktunargagna sem liggja fyrir sem stendur er bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett við gildi sem nemur 0,05 mg/kg meðan beðið er eftir að frekari vöktunargögn verði lögð fram til að staðfesta það. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinganna ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 2. ágúst 2024 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0100000 NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**
**0110000 Sítrusávextir**
**0110010 Greipaldin**
**0110020 Appelsínur**
**0110030 Sítrónur**
**0110040 Súraldin**
**0110050 Mandarínur**
**0110990 Annað (2)**
**0120000 Trjáhnetur**
**0120010 Möndlur**
**0120020 Parahnetur**
**0120030 Kasúhnetur**
**0120040 Kastaníuhnetur**
**0120050 Kókoshnetur**
**0120060 Heslihnetur**
**0120070 Goðahnetur**
**0120080 Pekanhnetur**
**0120090 Furuhnetur**
**0120100 Pistasíuhnetur**
**0120110 Valhnetur**
**0120990 Annað (2)**
**0130000 Kjarnaávextir**
**0130010 Epli**
**0130020 Perur**
**0130030 Kveði**
**0130040 Trjámispilsaldin**
**0130050 Dúnepli/japansplómur**

**0130990 Annað (2)**
**0140000 Steinaldin**
**0140010 Apríkósur**
**0140020 Kirsuber (sæt)**
**0140030 Ferskjur**
**0140040 Plómur**
**0140990 Annað (2)**
**0150000 Ber og smá aldin**
**0151000 a) Þrúgur**
**0151010 Vínber til neyslu**
**0151020 Vínþrúgur**
**0152000 b) Jarðarber**
**0153000 c) Klungurber**
**0153010 Brómber**
**0153020 Daggarber**
**0153030 Hindber (rauð og gul)**
**0153990 Annað (2)**
**0154000 d) Önnur smá aldin og ber**
**0154010 Aðalbláber**
**0154020 Trönuber**
**0154030 Sólber og rifsber (rauð og hvít)**
**0154040 Stikilsber (græn, rauð og gul)**
**0154050 Rósaldin**
**0154060 Mórber (svört og hvít)**
**0154070 Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin**
**0154080 Ylliber**
**0154990 Annað (2)**
**0160000 Ýmis aldin með**
**0161000 a) Ætu hýði**
**0161010 Döðlur**
**0161020 Fíkjur**
**0161030 Ólífur til átu**
**0161040 Gullappelsínur**
**0161050 Stjörnualdin**
**0161060 Gallaldin**
**0161070 Jövuplómur**
**0161990 Annað (2)**
**0162000 b) Óætu hýði, lítil**
**0162010 Kíví (græn, rauð, gul)**
**0162020 Litkaber**
**0162030 Píslaraldin**
**0162040 Kaktusfíkjur**
**0162050 Stjörnuepli**
**0162060 Persimónur/Virginíu-kakí**
**0162990 Annað (2)**
**0163000 c) Óætu hýði, stór**
**0163010 Lárperur**
**0163020 Bananar**
**0163030 Mangó**
**0163040 Papæjualdin**
**0163050 Granatepli**
**0163060 Morgunberkjur**

**0163070 Gvövur**
**0163080 Ananas**
**0163090 Brauðaldin**
**0163100 Dáraaldin**
**0163110 Nónberkjur**
**0163990 Annað (2)**
**0200000 NÝTT eða FRYST GRÆNMETI**
**0210000 Rótar- og hnýðisgrænmeti**
**0212000 b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti**
**0212010 Kassavarætur**
**0212020 Sætar kartöflur**
**0212030 Mjölrótarhnýði**
**0212040 Örvarrætur**
**0212990 Annað (2)**
**0213000 c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum**
**0213010 Rauðrófur**
**0213020 Gulrætur**
**0213030 Hnúðsillur/hnúðsellerí**
**0213040 Piparrót**
**0213050 Ætihnúðar**
**0213060 Nípur**
**0213070 Steinseljurætur**
**0213080 Hreðkur**
**0213090 Hafursrætur**
**0213100 Gulrófur**
**0213110 Næpur**
**0213990 Annað (2)**
**0220000 Laukar**
**0220010 Hvítlaukur**
**0220020 Laukar**
**0220030 Skalottlaukar**
**0220040 Vorlaukar og pípulaukar**
**0220990 Annað (2)**
**0230000 Aldingrænmeti**
**0231000 a) Náttskuggaætt og Stokkrósaætt**
**0231010 Tómatar**
**0231020 Paprikur**
**0231030 Eggaldin**
**0231040 Okrur**
**0231990 Annað (2)**
**0232000 b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði**
**0232010 Gúrkur**
**0232020 Smágúrkur**
**0232030 Dvergbítar**
**0232990 Annað (2)**
**0233000 c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði**
**0233010 Melónur**
**0233020 Risagrasker**
**0233030 Vatnsmelónur**
**0233990 Annað (2)**
**0234000 d) Sykurmaís**
**0239000 e) Annað aldingrænmeti**
**0240000 Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)**

**0241000 a) Blómstrandi kál**
**0241010 Spergilkál**
**0241020 Blómkál**
**0241990 Annað (2)**
**0242000 b) Kálhöfuð**
**0242010 Rósakál**
**0242020 Höfuðkál**
**0242990 Annað (2)**
**0243000 c) Blaðkál**
**0243010 Kínakál**
**0243020 Grænkál**
**0243990 Annað (2)**
**0244000 d) Hnúðkál**
**0250000 Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**
**0251000 a) Salat og salatplöntur**
**0251010 Vorsalat/strábrúða**
**0251020 Salat**
**0251030 Breiðblaða salatfíflar**
**0251040 Karsi og aðrar spírur og sprotar**
**0251050 Vetrarkarsi**
**0251060 Klettasalat**
**0251070 Sinnepskál**
**0251080 Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica)**
**0251990 Annað (2)**
**0252000 b) Spínat og áþekk blöð**
**0252010 Spínat**
**0252020 Súpugull**
**0252030 Blaðbeðjur**
**0252990 Annað (2)**
**0253000 c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir**
**0254000 d) Brunnperla**
**0255000 e) Jólasalat/salatfíflar**
**0256000 f) Kryddjurtir og æt blóm**
**0256010 Kerfill**
**0256020 Graslaukur**
**0256030 Blöð af sellerí**
**0256040 Steinselja**
**0256050 Salvía**
**0256060 Rósmarín**
**0256070 Garðablóðberg**
**0256080 Basilíka og æt blóm**
**0256090 Lárviðarlauf**
**0256100 Fáfnisgras**
**0256990 Annað (2)**
**0260000 Belgávextir**
**0260010 Baunir (með fræbelg)**
**0260020 Baunir (án fræbelgs)**
**0260030 Ertur (með fræbelg)**
**0260040 Ertur (án fræbelgs)**
**0260050 Linsubaunir**
**0260990 Annað (2)**

**0270000 Stöngulgrænmeti**
**0270010 Sperglar**
**0270020 Salatþistlar**
**0270030 Sellerí**
**0270040 Hnúðfennikur**
**0270050 Ætiþistlar**
**0270060 Blaðlaukar**
**0270070 Rabarbarar**
**0270080 Bambussprotar**
**0270090 Pálmakjarnar**
**0270990 Annað (2)**
**0280000 Sveppir, mosar og fléttur**
**0280010 Ræktaðir sveppir**
**0280020 Villtir sveppir**
**0280990 Mosar og fléttur**
**0290000 Þörungar og dreifkjörnungslífverur**
**0300000 BELGÁVEXTIR**
**0300010 Baunir**
**0300020 Linsubaunir**
**0300030 Ertur**
**0300040 Lúpínur/lúpínubaunir**
**0300990 Annað (2)**
**0400000 OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**
**0401000 Olíufræ**
**0401010 Hörfræ**
**0401020 Jarðhnetur**
**0401030 Valmúafræ**
**0401040 Sesamfræ**
**0401050 Sólblómafræ**
**0401060 Repjufræ**
**0401070 Sojabaunir**
**0401080 Mustarðsfræ**
**0401090 Baðmullarfræ**
**0401100 Risagraskersfræ**
**0401110 Litunarþistilsfræ**
**0401120 Hjólkrónufræ**
**0401130 Akurdoðrufræ**
**0401140 Hampfræ**
**0401150 Kristpálmafræ**
**0401990 Annað (2)**
**0402000 Olíurík aldin**
**0402010 Ólífur til olíuframleiðslu**
**0402020 Olíupálmakjarnar**
**0402030 Olíupálmaaldin**
**0402040 Dúnviðaraldin**
**0402990 Annað (2)**
**0500000 KORNVÖRUR**
**0500010 Bygg**
**0500020 Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir**
**0500030 Maís**
**0500040 Hirsi**
**0500050 Hafrar**

**0500060 Hrísgrjón**
**0500070 Rúgur**
**0500080 Dúrra**
**0500090 Hveiti**
**0500990 Annað (2)**
**0600000 TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**
**0610000 Te**
**0620000 Kaffibaunir**
**0630000 Jurtate úr**
**0631000 a) Blómum**
**0631010 Gæsajurt**
**0631020 Læknakólfur**
**0631030 Rósir**
**0631040 Jasmína**
**0631050 Lindiblóm**
**0631990 Annað (2)**
**0632000 b) Blöðum og kryddjurtum**
**0632010 Jarðarber**
**0632020 Rauðrunnalauf**
**0632030 Indíánaþyrnislauf**
**0632990 Annað (2)**
**0633000 c) Rótum**
**0633010 Garðabrúða**
**0633020 Ginseng**
**0633990 Annað (2)**
**0639000 d) Öðrum plöntuhlutum**
**0640000 Kakóbaunir**
**0650000 Jóhannesarbrauð**
**0700000 HUMLAR**
**0800000 KRYDD**
**0810000 Krydd úr fræjum**
**0810010 Anís/anísfræ**
**0810020 Ilmfrú**
**0810030 Sellerí**
**0810040 Kóríander**
**0810050 Kúmín**
**0810060 Dill**
**0810070 Fenníka**
**0810080 Grikkjasmári**
**0810090 Múskat**
**0810990 Annað (2)**
**0820000 Aldinkrydd**
**0820010 Allrahanda**
**0820020 Kínapipar**
**0820030 Kúmen**
**0820040 Kardimommur**
**0820050 Einiber**
**0820060 Pipar (svartur, grænn og hvítur)**
**0820070 Vanilla**
**0820080 Tamarind**
**0820990 Annað (2)**
**0830000 Barkarkrydd**

**0830010 Kanill**
**0830990 Annað (2)**
**0840000 Krydd úr rótum og jarðstönglum**
**0840010 Lakkrís**
**0840020 Engifer (10)**
**0840030 Túrmerik/gullinrót**
**0840040 Piparrót (11)**
**0840990 Annað (2)**
**0850000 Blómhnappakrydd**
**0850010 Negull**
**0850020 Kapers**
**0850990 Annað (2)**
**0860000 Frævukrydd**
**0860010 Saffran**
**0860990 Annað (2)**
**0870000 Frækápukrydd**
**0870010 Múskatblóm**
**0870990 Annað (2)**
**0900000 SYKURPLÖNTUR**
**0900010 Sykurrófurætur**
**0900020 Sykurreyr**
**0900030 Kaffifífilsrætur**
**0900990 Annað (2)**

**Flúópýram (R)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Flúópýram – kóði 1000000 að undanskildum 1040000: summa flúópýrams og flúópýrambensamíðs (M25), gefin upp sem flúópýram

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 16. apríl 2023 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0110030 Sítrónur**
**0110050 Mandarínur**
**0163020 Bananar**
**0220040 Vorlaukar og pípulaukar**
**0231010 Tómatar**
**0233010 Melónur**
**0233030 Vatnsmelónur**
**0243010 Kínakál**
**0251030 Breiðblaða salatfíflar**
**0251050 Vetrarkarsi**
**0251070 Sinnepskál**
**0252010 Spínat**
Útleitt hámarksgildi leifa frá plöntum í skiptiræktun.
**0212010 Kassavarætur**
Útleitt hámarksgildi leifa frá plöntum í skiptiræktun
**0212020 Sætar kartöflur**
**0212030 Mjölrótarhnýði**
**0212040 Örvarrætur**

**0213010 Rauðrófur**
**0213020 Gulrætur**
**0213030 Hnúðsillur/hnúðsellerí**
**0213040 Piparrót**
**0213050 Ætihnúðar**
**0213060 Nípur**
**0213070 Steinseljurætur**
**0213080 Hreðkur**
**0213090 Hafursrætur**
**0213100 Gulrófur**
**0213110 Næpur**
**0234000 d) Sykurmaís**
**0241010 Spergilkál**
**0241020 Blómkál**
**0242010 Rósakál**
**0242020 Höfuðkál**
**0243020 Grænkál**
**0244000 d) Hnúðkál**
**0254000 d) Brunnperla**
**0500020 Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir**
**0500030 Maís**
**0500040 Hirsi**
**0633010 Garðabrúða**
**0633020 Ginseng**
**0840010 Lakkrís**
**0840030 Túrmerik/gullinrót**
**0900010 Sykurrófurætur**
**0900030 Kaffifífilsrætur**

Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 10. október 2026 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0252030 Blaðbeðjur**
**0270050 Ætiþistlar**
**0270060 Blaðlaukar**

**Flúpýradífúrón**

Að því er varðar þessa vöru gildir hámarksgildi leifa frá og með 10. maí 2022.

**0253000 c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir“**